

## Fundargerð aðalfundar SASS

sem er haldinn í Versölum í Þorlákshöfn 25. júní 2026

### Setning aðalfundar

Anton Kári Halldórsson, formaður SASS, setur fundinn, kl. 11:00, og býður þingfulltrúa og aðra fundargesti velkomna á aðalfund SASS.

### Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður SASS tilnefnir Grétar Inga Erlendsson frá Sveitarfélaginu Ölfusi sem fundarstjóra og Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur sem fundarritara. Tillaga formanns er samþykkt samhljóða.

Formaður felur fundarstjóra stjórn fundarins.

Grétar Ingi Erlendsson, fundarstjóri, tekur til máls og býður fundargesti velkomna í Þorlákshöfn og á aðalfund SASS.

### Kosning kjörbréfanefndar

Fundarstjóri leggur fram svohljóðandi tillögu stjórnar SASS að kjörbréfanefnd.

Ásta Stefánsdóttir, Bláskógabyggð  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra

Tillagan er samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

### Kynning á Sveitarfélaginu Ölfusi

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfus, tekur til máls og óskar öllum þingfulltrúum til hamingju með kjörið.

Elliði kynnir Sveitarfélagið Ölfus og þá þróun sem þar hefur átt sér stað, ásamt því að fara yfir þau uppbyggingarverkefni sem sveitarfélagið stendur fyrir um þessar mundir Margt hefur verið í gangi undanfarið og telur hann meðal annars upp verkefni á sviði landeldis, hafnar stækkunar, uppbyggingu húsnæðis og íþróttamannvirkja sem eru hafin eða á dagskrá næstu missera.

Fundarstjóri þakkar Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Ölfusi, fyrir góða kynningu.

## **Niðurstaða kjörbréfanefndar**

Ásta Stefánsdóttir, formaður kjörnefndar, tekur til máls og kynnir niðurstöður nefndarinnar um lögmæti fundarins. Ásta upplýsir að mættir séu: 53 aðalmenn og 15 varamenn. Alls eru því mættir 68 þingfulltrúar af 72.

Úrskurður kjörbréfanefndar er því sá að fundurinn telst löglega boðaður og ályktunarhæfur samkvæmt samþykktum SASS.

## **Skýrsla stjórnar**

Anton Kári Halldórsson, formaður SASS, flytur skýrslu stjórnar og þakkar stjórnarmönnum fyrir góða samvinnu á síðasta kjörtímabili. Þá er starfsfólki SASS einnig þakkað gott samstarf.

Upplýst er að SASS hyggist halda upplýsingafund í haust fyrir fulltrúa sveitarfélaga og eru nýir fulltrúar sérstaklega hvattir til þess að koma á fundinn og kynna sér starfsemi samtakanna.

Að loknum flutningi Antons Kára Halldórssonar, formanns SASS, á skýrslu stjórnar þakkar hann fyrir það traust sem honum hefur verið sýnt.

Fundarstjóri þakkar formanni fyrir góða yfirferð á skýrslu stjórnar.

## **Ársreikningur 2025 og fjögurra mánaða uppgjör**

Ólafur Gestsson, endurskoðandi hjá PwC, gerir grein fyrir ársreikningi SASS fyrir árið 2025 sem er lagður fram. Til kynningar fyrir þingfulltrúa liggur einnig fyrir í fundargögnum fjögurra mánaða uppgjör SASS.

Endurskoðandi svarar fyrirspurnum úr sal um ársreikning m.a. vegna hækkunar á launalið.

Fundarstjóri þakkar endurskoðanda fyrir yfirferð á ársreikningi SASS.

Ársreikningur SASS fyrir árið 2025 er borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

## **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SASS, tekur til máls. Hún þakkar fyrir góðar móttökur í Þorlákshöfn og þakkar fulltrúum Ölfus og starfsfólki fyrir gott samstarf við skipulagningu aðalfundarins.

Ársskýrsla SASS er lögð fram á fundinum í prentuðu og rafrænu formi. Ingunn kynnir því næst skýrsluna. Farið er yfir starfsemi liðins árs s.s. nýtt skipurit SASS og þau áhersluverkefni sem unnið hefur verið að á árinu. Þá eru kynnt helstu verkefni sem eru framundan.

Fundarstjóri þakkar framkvæmdastjóra SASS fyrir greinargóða yfirferð.

### **Kosningar í stjórn og nefndir**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tekur til máls og óskar fulltrúum til hamingju með kjörið í sveitarstjórnarkosningum. Aldís fer yfir störf kjörnefndar og kynnir tillögur kjörnefndar.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í **stjórn SASS**.

**Aðalmenn:** Gauti Árnason, Sveitarfélagið Hornafjörður  
Sveinn Hreiðar Jenson, Skaftárhreppur  
Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra  
Eypór Harðarson, Vestmannaeyjabær  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur.  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
María Rún Þorsteinsdóttur, Hveragerðisbær  
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

**Varamenn:** Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður  
Björn Þór Ólafsson, Mýrdalshreppur  
~~Margrét Harpa Guðsteinsdóttir~~ Eiríkur Vilhelm Sigurðsson,  
Rangárþing ytra<sup>1</sup>  
Aníta Jóhannsdóttir, Vestmannaeyjabær  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

---

<sup>1</sup> Kjörnefnd breytti tillögu sinni á aðalfundinum og tilnefndi Eirík Vilhelm Sigurðsson fyrir Rangárþing ytra í stað Margrétar Hörpu Guðsteinsdóttur

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Birgitta Ragnarsdóttir, Hveragerðisbær

Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

**Formaður:** Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra

**Varaformaður:** Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, vekur athygli á ójöfnu kynjahlutfalli í tillögunni og upplýsir að starf kjörnefndarinnar hafi verið erfitt. Tillagan sé því lögð fram í þessum búningi enda hafi ekki gengið að jafna kynjahlutfallið. Vegna þess að þá muni nefndin gera tillögu til stjórnar SASS um breytt verklag sem snúi að því að kjörnefndin geti í störfum sínum gætt að ákvæðum og markmiðum jafnréttislaga við tillögugerð. Aldís fer yfir tillögu um breytt verklag síðar.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögu kjörnefndar um stjórn SASS.

Margrét Harpa Gunnsteinsdóttir, Rangárþingi ytra, tekur til máls og upplýsir að hún hafi ekki umboð sveitarstjórnar í Rangárþingi ytra til þess að sitja í varastjórn þar sem Eiríkur Vilhelm Sigurðsson hafi verið kjörinn af sveitarstjórn til setu í stjórninni.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tekur til máls og gerir athugasemd við að sveitarstjórnir séu að kjósa fulltrúa í stjórn SASS enda fari aðalfundur með það verkefni. Aldís tilkynnir, í ljósi upplýsinga frá Margréti Hörpu, breytingar á tillögu kjörnefndar þannig að í stað þess að tilnefna Margréti Hörpu Gunnsteinsdóttur sem varamann fyrir Rangárþing ytra að þá sé tilnefndur Eiríkur Vilhelm Sigurðsson.

Sveinn Ægir Birgisson frá Sveitarf. Árborg tekur til máls og gerir athugasemdir við fjölda íbúa að baki hverjum þingfulltrúa. Hann fer yfir hversu margir íbúar standi að baki þingfulltrúum frá mismunandi sveitarfélögum og telur ekki gott að fjöldi íbúa að baki hverjum þingfulltrúa sé svo misjafn.

Fundarstjóri ber upp tillögu kjörnefndar, með þeim breytingum sem voru gerðar á tillögunni á fundinum vegna fulltrúa frá Rangárþingi ytra. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan í **kjörnefnd SASS**.

**Aðalmenn:** Hjördís Edda Olgeirsdóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

Björn Þór Ólafsson, Mýrdalshreppur

Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær

Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, Rangárþing eystra

Ásta Stefánsdóttir, Bláskógabyggð

Árni Eiríksson, Flóahreppi

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Sigmar Karlsson, Hveragerðisbær

Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

**Varamenn:** Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður

Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Skaftárhreppi

Kjartan Vídó Ólafsson, Vestmannaeyjabær

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahreppi

Gunnar Örn Marteinson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Þorsteinn Hjartarson, Hveragerðisbær

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

**Formaður:** Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabæ

**Varaformaður:** Árni Eiríksson, Flóahreppi

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna.

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarf. Árborg, tekur til máls og vekur athygli á ójöfnu kynjahlutfalli í tillögunni og gagnrýnir að þegar hallar á karla í tillögu að þá komi ekki fram athugasemdir um kynjahlutfall en þegar því sé öfugt farið að þá komi athugasemdir fram. Hann bendir á að í þessari tillögu um kjörnefnd halli á karla.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, upplýsir að athugasemdir kjörnefndar sem ræddar voru við skipan í stjórn SASS hafi átt við um allar tillögur nefndarinnar og tekur undir að óheppilegt sé að kynjahlutföll séu ekki jöfn, bæði stjórn SASS og kjörnefnd, enda sé slíkt ekki í samræmi við ákvæði jafnréttis laga og markmiðin með lagasetningunni.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í **stjórn Fræðslunets Suðurlands:**

**Aðalmaður:** Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppur

**Varamaður:** Ísleifur Jónasson, Ásahreppi

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í stjórn **Markaðsstofu Suðurlands.**

**Aðalmenn:** Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfus

**Varamenn:** Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

María Rún Þorsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í **skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni (ML).**

**Aðalmenn:** Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði

Eydís Indriðadóttir, Rangárþing ytra

**Varamenn:** Iðá Marsibil Jónsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi

Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahreppur

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í **skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu).**

**Aðalmenn:** Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur

**Varamenn:** Arna Ýr Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Árný Hrund Svavarsdóttir, Rangárþingi eystra

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Kjörnefnd gerir eftirfarandi tillögu um skipan fulltrúa í **skólanefnd Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu (FAS)**.

**Aðalmenn:** Þorgrímur Tjörvi Halldórsson, Sv. Hornafjörður

Lars Jóhann Andrésson Imsland Sv. Hornafjörður

**Varamenn:** Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Sv. Hornafjörður

Elías Tjörvi Halldórsson, Sv. Hornafjörður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og er hún samþykkt samhljóða.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa í **stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands** er eftirfarandi en stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands verður kosin á aðalfundi félagsins seinna í dag.

**Aðalmenn:** Guðmundur Ármann Pétursson, Árborg f.h. sveitarfél. á Suðurlandi

Þórey Richardt Úlfarsdóttir, Mýrdalshreppi

**Varamenn:** Guðmundur Þór Guðjónsson, Árborg f.h. sveitarfél. á Suðurlandi

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppi

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, óskar öllum þeim sem kjörnir hafa verið til hamingju með kjörið og tekur fundarstjóri undir það. Aldís þakkar fyrir það traust sem henni hefur verið sýnt öll þau ár sem hún hefur setið sem formaður kjörnefndar. Fundarstjóri þakkar Aldísi fyrir sín störf.

### **Tillaga kjörnefndar til stjórnar SASS**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, flytur eftirfarandi tillögu til stjórnar SASS þar sem lagt er til að gerðar verði breytingar á verklagi við tilnefningar til nefndarinnar.

„Kjörnefnd SASS leggur til við stjórn SASS að undirbúin verði tillaga fyrir næsta aðalfund um breytt verklag við tilnefningar til stjórnar. Í þeirri tillögu verði gert ráð fyrir að þeir aðilar sem tilnefna einstaklinga til stjórnar, nefnda og ráða tilnefni ávallt einn karl og eina konu.

Með því móti hafi kjörnefnd betri forsendur til að tryggja að tillaga hennar um skipan stjórnar samræmist markmiðum og ákvæðum jafnréttislaga.“

Greinargerð kjörnefndar með tillögunni er eftirfarandi:

„Tilfni tillögunnar er að kjörnefnd telur mikilvægt að tryggja að hún hafi á hverjum tíma raunhæft svigrúm til að leggja fram tillögu að stjórn þar sem gætt er að kynjahlutföllum og markmiðum jafnréttislaga um jafna þátttöku kynja í stjórnnum og ráðum.

Kjörnefnd leggur til að í þeirri vinnu verði sérstaklega skoðað að þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa eða gefa kost á einstaklingum til setu í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum SASS tilnefni bæði karl og konu. Með því verði betur tryggt að kjörnefnd hafi úr nægilega fjölbreyttum hópi frambjóðenda að velja og geti lagt fram tillögu sem samræmist ákvæðum og markmiðum jafnréttislaga.

Kjörnefnd telur mikilvægt að SASS sýni skýra ábyrgð í jafnréttismálum og að verklag við undirbúning stjórnarkjörs styðji við jafna þátttöku kynja í ákvarðanatöku innan samtakanna.“

### **Kynning á nýrri heimasíðu**

Stefáni Friðrik Friðriksson, verkefnastjóri Miðlunar, kynnir nýjan vef fyrir SASS og upplýsir um að fyrirhugað sé að opna vefinn næstu viku.

Fundarstjóri þakkar Stefáni Friðriki fyrir góða kynningu á nýjum vef SASS.

### **Menningarstefna og barnameningarhátíð**

Línu Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri byggðapróunar hjá SASS, kynnir tvö verkefni sem SASS er að vinna á sviði menningarmála. Verkefnin hafa verið unnin á vettvangi SASS og í samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi sem hefur gengið vonum fram. Annað verkefnið er mótun sameiginlegrar menningarstefnu sveitarfélaga á Suðurlandi. Hitt verkefnið snýr að því að halda barnameningarhátíð á Suðurlandi með góðri þátttöku sveitarfélaga. Stefnt er að því að halda barnameningarhátíð að nýju árið 2027 í samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fundarstjóri þakkar Línu Björgu fyrir kynninguna.

### **Úthlutun úr Hörpusjóðnum**

Anton Kári Halldórsson, formaður SASS, og Helga Þorbergsdóttir, verndari Hörpusjóðsins, kynna niðurstöður valnefndar til úthlutunar úr sjóðnum.

Þrettán umsóknir bárust af Suðurlandi um styrk úr sjóðnum. Styrkþegi Hörpusjóðsins árið 2026 er Ann Irene Peters vegna verkefnisins Voices of Vík: Language, Culture & Community. Um er að ræða samfélagsverkefni sem styrkir tengsl, þátttöku og tilfinningu fyrir því að tilheyra í fjölmenningslegu samfélagi Víkur.

Verkefnið verður unnið á tímabilinu frá ágúst 2026 til júlí 2027 og hlýtur verkefnið styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.- úr Hörpusjóðnum.

### **Slit aðalfundar**

Fundarstjóri upplýsir að allir dagskrárliðir fundarins séu tæmdir. Fundarritara er falið að ganga frá fundargerð í samstarfi við fundarstjóra og framkvæmdastjóra SASS.

Anton Kári Halldórsson, formaður SASS, tekur til máls. Hann þakkar fundargestum fyrir góða þátttöku, stjórn og starfsfólki SASS fyrir undirbúning fundarins og sveitarfélaginu Ölfusi fyrir móttökurnar.

Fundi slitið kl. 13:48.

**Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, fundarritari.**